

Reglur um aðgengi og starfsemi í stjórnsýsluhúsum Reykjavíkurborgar

1. gr.

Almennt

Stjórnsýsluhús Reykjavíkurborgar eru Ráðhús Reykjavíkur og Höfði, auk skrifstofuaðstöðu í Tjarnargötu 12 og Höfðatorgi (Borgartún 8-16a). Aðgangur að stjórnsýsluhúsum Reykjavíkurborgar er heimill öllum með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í reglum þessum.

2. gr.

Ráðhús Reykjavíkur

Gönguás

Helsta almenningsskými Ráðhúss Reykjavíkur er gönguás sem er hugsaður sem eins konar gata í borginni. Gönguásinn er að jafnaði opinn þeim sem leið eiga hjá og er jafnframt snertiflötur borgarbúa og þeirra sem í húsinu starfa. Öll eru velkomin á gönguásinn á opnunartíma Ráðhúss.

Gestir sem eiga erindi við starfsfólk Ráðhúss skulu skrá sig í móttökukerfi við þjónustuborð og bíða komu viðkomandi starfsmanns.

Tjarnarsalur

Tjarnarsalur Ráðhúss er salur fólksins, Reykvíkinga og gesta borgarinnar jafnt innlendra sem erlendra. Hann er hluti af opnu rými Ráðhúss sem ætlað er almenningi og þar eru haldnir ýmsir viðburðir. Tjarnarsalur er einnig leigður út fyrir fjölpætta starfsemi og viðburði svo sem tónleika, ráðstefnur, móttökur og hjónavígslur. Viðburðastjórn tekur afstöðu til þeirra beiðna sem berast um afnot af Tjarsal. Í vesturhluta Tjarnarsalar er Íslandslíkan til sýnis og stendur það úti að öllu jöfnu nema þegar viðburðir eiga sér stað í þeim hluta salarins. Öll eru velkomin í Tjarnarsalinn á opnunartíma Ráðhúss að undanskildum lokuðum viðburðum.

Pollurinn

Pollurinn er fjölnota funda-, vinnu- og viðburðarými fyrir starfsfólk Ráðhússins. Aðrar starfsstöðvar Reykjavíkurborgar geta óskað eftir afnotum af Pollinum fyrir vinnustofur og vinnutengda viðburði á skrifstofutíma. Umsóknir skulu sendar á viðburðastjórn til samþykktar (vidburdastjorn@reykjavik.is).

Ráðhús suður - Skrifstofubygging

Suðurhluti Ráðhúss hýsir skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu Reykjavíkurborgar sem og mannauðs- og starfumhverfissvið. Eingöngu starfsfólk Ráðhúss hefur aðgang að skrifstofubyggingu og er óheimilt að hleypa óviðkomandi aðilum þar inn.

Starfsfólk er ábyrgt fyrir því að taka á móti gestum sínum og fylgja þeim aftur út af aðgangsstýrðum svæðum að heimsókn lokinni. Starfsfólk er ábyrgt fyrir því að veita óviðkomandi aðilum ekki aðgang inn á aðgangsstýrð svæði eða upp með sér í lyftum.

Fundarherbergi eru eingöngu bókanleg af starfsfólki með starfsstöð í húsinu. Sérstakar takmarkanir eru á bókunarheimildum Hamingjubúðar og Maríubúðar.

Ráðhús norður - Borgarstjórnarhús

Norðurhluti Ráðhúss hýsir fundarsali borgarstjórnar, borgarráðs og borgarstjóra, auk almennra fundarherbergja og mötuneytis starfsfólks hússins. Aðgengi er almennt takmarkað við starfsfólk með starfsstöð í stjórnsýsluhúsum.

Fundarherbergi eru eingöngu bókanleg af starfsfólki með starfsstöð í stjórnsýsluhúsum. Sérstök takmörkun er á bókunarheimildum Borgarstjórnarsals, Borgarráðs og Turnsins. Borgarstjóri hefur forgang að bókun og nýtingu Turnsins. Formaður borgarráðs og skrifstofustjóri skrifstofu borgarstjórnar hafa forgang að bókun og nýtingu Borgarráðs.

Forystufólk ráða eða nefnda, ábyrgðaraðilar námskeiða og fundarstjórar eru ábyrg fyrir því að tryggja móttöku gesta sinna, og að þeim sé fylgt inn og út af aðgangsstýrðum svæðum. Upplýsa skal þjónustuver um komu stærri hópa.

Reykjavíkurborg er framkvæmdaraðili almennra kosninga. Við undirbúning og framkvæmd almennra kosninga má eiga von á að fundarherbergi í norðurhúsi verði frátekin vegna þeirrar vinnu.

Borgarstjórnarsalur

Þegar fundur borgarstjórnar Reykjavíkur fer fram er aðgangur að borgarstjórnarsal eingöngu heimill borgarfulltrúum og því starfsfólki Reykjavíkurborgar sem starfa í tengslum við borgarstjórnarfund. Fundarherbergi og opið svæði á annarri hæð er einungis ætluð borgarfulltrúum og starfsfólki fundarins á meðan fundi stendur.

Aðstaða fyrir almenning og fjölmiðla er á þriðju hæð. Leyfi forseta borgarstjórnar þarf til myndatöku í fundarsal. Fjölmiðlafólki er þó heimilt að taka myndir frá áhorfendapöllum en beðið um að tilkynna komu sína til starfsfólks.

Fundir borgarstjórnar eru opnir en heimilt er að ákveða að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum þegar þörf krefur. Forseti borgarstjórnar eða borgarstjórn getur jafnframt ákveðið að ræða fyrir luktum dyrum tillögu um lokun fundar.

Áhorfendapallar eru opnaðir þegar fundur borgarstjórnar er settur. Gestir sem koma á áhorfendapalla skulu setja yfirhafnir, töskur og annan farangur í vörslu hjá húsvörðum meðan dvalist er á áhorfendapöllum.

Aðgangur að áhorfendapöllum borgarstjórnar er öllum opinn, en áheyrendur skulu ekki raska fundarfriði. Brjóti nokkur því í gegn getur starfsmaður fundar eða lögreglan vísað viðkomandi á brott samkvæmt beiðni forseta borgarstjórnar.

Notkun Borgarstjórnarsals utan funda borgarstjórnar er háð leyfi skrifstofustjóra borgarstjórnar og er almennt takmaður við viðburði Reykjavíkurborgar.



Mötuneyti

Mötuneyti Ráðhúss þjónustar starfsfólk með starfsstöð í Ráðhúsi og Tjarnargötu, auk skráðra þjónustuverktaka. Annað starfsfólk Reykjavíkurborgar hefur jafnframt aðgang að mötuneytinu. Starfsfólk hefur þó ekki aðgang að eldhúsi Ráðhúss.

Þeim sem hafa aðgang að mötuneytum er heimilt að bjóða gestum með sér eftir því sem aðstæður leyfa, og greiða þá fyrir máltíð gestanna. Séu utanaðkomandi gestir fleiri en fimm skal láta rekstrarþjónustu stjórnsýsluhúsa vita um slíkt fyrir fram (rek@reykjavik.is). Starfsfólk með starfsstöð utan stjórnsýsluhúsa telst utanaðkomandi í þessu samhengi.

Fundarherbergi, salir og önnur aðstaða

Starfsfólk er ábyrgt fyrir því að ganga snyrtilega um fundarherbergi, sali og aðra aðstöðu hverju sinni, og skal skilja við rýmin sem um ræðir í ásættanlegu ástandi fyrir næstu notendur.

Húsbúnaður er aldrei lánaður úr stjórnsýsluhúsum. Ef húsbúnaður er fenginn að láni milli rýma innanhúss er lánþegi ávallt ábyrgur fyrir því að skila búnaði á sinn stað aftur.

3. gr.

Höfði

Höfði er opinbert móttökuhús borgarstjórans í Reykjavík. Húsið er opið þegar opinberar móttökur og aðrir viðburðir fara þar fram og er einungis fyrir boðsgesti. Borgarstjóri er ávallt gestgjafi í móttökum. Notkun Höfða er háð leyfi borgarstjóra.

4. gr.

Tjarnargata 12

Skrifstofur borgarstjórnarflokka

Aðgangur að skrifstofum borgarstjórnarflokka er aðeins heimill borgarfulltrúum, varaborgarfulltrúum, starfsfólki borgarstjórnarflokka og starfsfólki Reykjavíkurborgar sem á þangað erindi.

Vinnuherbergi

Aðgangur að vinnuherbergjum borgarfulltrúa er aðeins heimill borgarfulltrúum, varaborgarfulltrúum, starfsfólki borgarstjórnarflokka og starfsfólki Reykjavíkurborgar sem á þangað erindi. Notkun annars starfsfólks á vinnuherbergjum borgarfulltrúa er háð leyfi skrifstofu borgarstjórnar.

Eldstöð

Eldstöð er móttökuherbergi borgarfulltrúa. Notkun á Eldstöð er heimil borgarfulltrúum, varaborgarfulltrúum, starfsfólki borgarstjórnarflokka og starfsfólki skrifstofu borgarstjórnar. Notkun annars starfsfólks á Eldstöð er háð leyfi skrifstofu borgarstjórnar.

þ/b

5. gr.

Höfðatorg

Almennt

Gestir sem eiga erindi við starfsfólk Höfðatorgs skulu skrá sig inn í móttökukerfi við þjónustuborð og biðja komu viðkomandi starfsmanns. Starfsfólk er ábyrgt fyrir því að taka á móti gestum sínum og fylgja þeim aftur út af aðgangsstýrðum svæðum að heimsókn lokinni. Starfsfólk er ábyrgt fyrir því að veita óviðkomandi aðilum ekki aðgang inn á aðgangsstýrð svæði eða upp með sér í lyftum.

Forystufólk ráða eða nefnda, ábyrgðaraðilar námskeiða og fundarstjórar eru ábyrg fyrir því að tryggja móttöku gesta sinna, og að þeim sé fylgt inn og út af aðgangsstýrðum svæðum. Upplýsa skal þjónustuver um komu stærri hópa.

Mötuneyti

Mötuneyti Höfðatorgs þjónustar starfsfólk og starfsnema með starfsstöð í húsinu, auk skráðra þjónustuverktaka. Annað starfsfólk Reykjavíkurborgar hefur jafnframt aðgang að mötuneytinu. Þeim sem hafa aðgang að mötuneytum er heimilt að bjóða gestum með sér eftir því sem aðstæður leyfa, og greiða þá fyrir máltíð gestanna.

Séu utanaðkomandi fleiri en fimm skal láta rekstrarþjónustu stjórnsýsluhúsa vita um slíkt fyrir fram (rek@reykjavik.is). Gestir og starfsfólk með starfsstöð utan stjórnsýsluhúsa telst utanaðkomandi í þessu samhengi.

Fundarherbergi, salir og önnur aðstaða

Fundarherbergi Höfðatorgs eru eingöngu bókanleg af starfsfólki með starfsstöð í stjórnsýsluhúsum. Starfsfólk er ábyrgt fyrir því að ganga snyrtilega um fundarherbergi, sali og aðra aðstöðu hverju sinni, og skal skilja við rýmin sem um ræðir í ásættanlegu ástandi fyrir næstu notendur.

Húsbúnaður er aldrei lánaður úr stjórnsýsluhúsum. Ef húsbúnaður er fenginn að láni milli rýma innanhúss er lánþegi ávallt ábyrgur fyrir því að skila búnaði á sinn stað aftur.

Aðrar starfsstöðvar Reykjavíkurborgar geta óskað eftir afnotum af fundaraðstöðu á 7. hæð (Hof, Kerhólar og Vindheimar) fyrir námskeið og fræðslu starfsfólks á skrifstofutíma. Umsóknir skulu sendar á rekstrarþjónustu stjórnsýsluhúsa til samþykktar (rek@reykjavik.is).

6. gr.

Reykingar

Reykingar og rafrettur eru undantekningarlaust bannaðar í stjórnsýsluhúsum Reykjavíkurborgar og bílastæðakjöllurum þeirra. Á það einnig við um lóðir húsanna á skrifstofutíma sé ekki hægt að koma í veg fyrir að reykur, eða gufa úr rafrettum, berist inn í hús.

Heimilt er að reykja eða neyta rafretta fyrir utan Ráðhús Reykjavíkur við inngang frá Tjarnargötu, svo lengi sem tryggt er að reykur, eða gufa úr rafrettum, berist ekki inn í hús.

7. gr.

Framkvæmd


Borgarstjóri, forseti borgarstjórnar og borgarritari geta veitt undanþágu frá einstökum ákvæðum þessara reglna ef sérstaklega stendur á, en að öðru leyti annast deildarstjóri rekstrarþjónustu stjórnsýsluhúsa framkvæmd þeirra.

Ítarlegri upplýsingar um aðgengi, aðstöðu, mötuneyti og öryggismál er að finna í húsbókum á hjalp.reykjavik.is.

8. gr.

Gildistaka

Reglur þessar taka gildi frá og með 8. desember 2024 og skulu vera aðgangilegar starfsfólki Reykjavíkurborgar.



Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari

Hjálögð skjöl:

PON-SÞU-FER-00001 – Ferill móttöku gesta í þjónustuveri

R12090169 – Álit borgarlögmanns - Reykingar á lóð Höfðatorgs

